Fundur skólaráðs Grunnskólans í Þorlákshöfn
haldinn 03. nóvember 2026 kl. 15.00

Mættir: Heiðrún Hreiðarsdóttir fulltrúi foreldar, Harpa Vignisdóttir fulltrúi foreldra, Jón H. Sigurmundsson fulltrúi grenndarsamfélagsins, Ólafía Sif Sverrisdóttir fulltrúi kennara, Ingibjörg Jóhannsdóttir fulltrúi starfsmanna, Björgvin Breki Sindrason fulltrúi nemenda í 9.bekk, Guðlaug Einarsdóttir skólastjóri og Garðar Geirfinnsson aðstoðarskólastjóri.

Fjarverandi voru: Eva Káradóttir fulltrúi kennara, Bergþóra Ósk Ásgeirsdóttir fulltrúi nemenda í 10.bekk, Edyta Maria Pisarska fulltrúi nemenda í 10.bekk og Þuríður Gísladóttir fulltrúi nemenda í 9.bekk.

Skólastjóri bauð alla fundargesti velkomna. Gengið til dagskrár.

1. Guðlaug setti fund og kynnti dagskrá.

2. Guðlaug fór yfir hlutverk skólaráðs.
   - Hlutverk skólaráðs í grunnskóla er fyrst og fremst að vera samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélagsins um skólahaldið. Í skólaráði eiga sæti fulltrúar foreldra, nemenda, kennara, annars starfsfólks, skólastjóra og oft fulltrúi grenndarsamfélagsins. Skólaráð er lýðræðislegur vettvangur þar sem helstu hagsmunaaðilar skólans koma saman til að ræða stefnu, þróun og gæði skólastarfs.

3. Fundartímar skólaráðs í vetur.
   - Guðlaug fór yfir skipulag ráðsins í vetur. Lagt upp með að funda tvisvar á hvorri önn.
   - Lagt til að næsti fundartími verði þriðjudaginn 15.desember kl. 15:00. Það var samþykkt.

4. Innleiðing nýs námsumsjónarkerfis.
   - Guðlaug fór yfir vinnu við innleiðingu á nýju námsumsjónarkerfi, Námfús.
   - Garðar sagði frá nýju kerfi er heldur utan um skráningu nemenda í skóla, Nemendagrunn.
   - Umræður um kerfin.

5. Innleiðing nýs skjalakerfis – ONE.
   - Guðlaug fór yfir virkni og mikilvægi nýs skjalakerfis.
   - Umræður um kerfið.

6. Innleiðing nýs einkunnarkvarða í 10.bekk.
   - Guðlaug og Garðar fóru yfir nýjan kvarða sem nota á í vor fyrir 10.bekk.

- Umræður um þessa breytingu.

7. Fundardagatal vetrarins til samþykkis.
   - Guðlaug fór yfir fundardagatal skólans.
   - Umræður og fundardagatalið samþykkt.

8. Skólapúlsinn – niðurstöður.
   - Farið yfir niðurstöður fyrstu mælingar í 6.-10.bekk.
   - Umræður um niðurstöðurnar.

9. Íslenska æskulýðsrannsóknin – niðurstöður.
   - Farið fyrir niðurstöður ÍÆ sem lögð var fyrir nemendur í 4.-10. bekk á vorönn síðasta skólaárs.
   - Umræður um niðurstöðurnar.

10. Starfsáætlun skólans.
    - Guðlaug fór yfir starfsáætlun skólans fyrir skólaárið 2026 – 2027.

11. Önnur mál.
    - Jón spyr hvort sótt hafi verið um niðurstöður PISA. Guðlaug segir að sveitarfélagið hafi sótt um það.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:00
Garðar Geirfinnsson, fundarritari